



## Atvinnuleysi jókst minna í janúar en reikna mátti með

Samkvæmt tölum Vinnuálagstofnunar var almennt skráð atvinnuleysi í janúar 11,6% af áætluðum fjölda fólks á vinnumarkaði og hafði aukist úr 10,7% frá því í desember. Um 26.400 manns voru á atvinnuleysisrá í janúar, þar af um 21.800 atvinnulausir og um 4.600 atvinnulausir í minnkuðu starfshlutfalli.

Atvinnuleysi sem tengist hlutabótaleið var 1,2% og minnkaði milli mánaða. Heildaratvinnuleysi í janúar var því 12,8% samanborið við 12,1% í desember og jókst þannig um 0,7 prósentustig. Prósentuhækkun atvinnuleysisins í janúar gefur reyndar ekki alveg rétta mynd af þróuninni. Atvinnulausum á skrá fjölgaði um 527 í janúar, en gert er ráð fyrir að talsverð fækkun hafi verið á vinnumarkaði í upphafi ársins 2021 þannig að fjöldi atvinnulausra miðast við lægri vinnuafstölu. Fækkun fólks á vinnumarkaði er auðvitað önnur birtingarmynd erfiðs atvinnuástands.


Almennt atvinnuleysi jókst nær stöðugt allt árið í fyrra og hafa sveiflur í því að mestu tengst hlutabótaleiðinni.

Almennt er reiknað með að atvinnuleysi minnki þegar líður á árið 2021 en sú þróun er auðvitað háð hraða bólusetninga og að tók náist á faraldrinum þannig að landið opnist meira. Okkar möguleikar í því sambandi eru reyndar líka mjög háðir hvernig sama barátta gengur í helstu viðskiptalöndum okkar. Atvinnuleysi á fyrstu mánuðum ársins 2021 verður væntanlega á bilinu 11-12% og líklegt er að hámarkinu hafi verið náð. Atvinnuleysið var hins vegar 4,8% í janúar 2020 og því langt í land þar til svipuðu atvinnuleysisstigi og var á árinu 2019 verði aftur náð.

### Suðurnesin orðið langverst úti


Atvinnuleysi jókst alls staðar á landinu í janúar nema á höfuðborgarsvæðinu þar sem það var óbreytt. Almennt atvinnuleysi á Suðurnesjum var 24,5% í janúar og hlutabótaatvinnuleysi 1,5%, samtals 26%. Almennt atvinnuleysi þar er því

Atvinnuleysi frá 2020



Heimild Vinnuálagstofnun

Almennt atvinnuleysi í desember 2020 og janúar 2021



Heimild: Vinnuálagstofnun



rúmlega tvöfalt meira en á höfuðborgarsvæðinu, þar sem það var næst mest, eða um 11,1%. Þriðja mesta atvinnuleysið var á Suðurlandi, 11%. Minnsta atvinnuleysið var á Vestfjörðum og Norðurlandi vestra eins og verið hefur.

### **Atvinnulausu háskólaþingi fjölgað mest**


Á árinu 2000 var fólk með grunnskólamenntun 70% af fjölda á atvinnuleysisrá. Þá var fólk með háskólamenntun einungis um 7% atvinnulausa. Á þeim 20 árum sem hafa liðið síðan hefur háskólamenntuðu fólk fjölgað mikið og að sama skapi hafa háskólamenntaðir orðið meira áberandi meðal atvinnulausa.

Á þessum 20 árum hefur hlutfall fólks með grunnskólapróf af atvinnulausum farið stöðugt minnkandi og var það 41% á árinu 2020. Að sama skapi hefur hlutfall háskólamenntaðra aukist mikið og var 26% á síðasta ári. Þetta eru þeir tveir hópar sem mest breyting hefur orðið á varðandi atvinnuleysi á síðustu árum. Hlutfall háskólamenntaðra meðal atvinnulausa jókst mikið frá 2008 til 2015, úr 12% í 25% en hefur verið nokkuð stöðugt síðan.

### **Mesta breytingin meðal kvenna**


Sé litið á þessa tvo hópa, atvinnulaust fólk með grunnskólapróf og háskólapróf með tilliti til kynja má sjá að mesta breytingin er meðal kvenna. Á árinu 2000 voru konur með grunnskólapróf 67% atvinnulausa kvenna og konur með háskólapróf 7%. Á síðustu 20 árum hafa þessir tveir hópar þróast með algerlega gagnstæðum hætti. Hlutfall kvenna með grunnskólapróf af atvinnulausum konum hefur farið sífellt minnkandi og hlutfall háskólamenntaðra kvenna sífellt aukist. Í fyrra voru atvinnulausar konur með grunnskólamenntun 37% atvinnulausa kvenna og konur með háskólamenntun 33%. Að baki þessara miklu breytinga eru bæði breytingar á stærð hópa hvað menntunarstig varðar og svo miklar breytingar á vinnumarkaði. Á árinu 2000 voru konur með grunnskólapróf hlutfallslega fleiri en karlar meðal atvinnulausa, en mun færri 2020. Þessu er öfugt farið með háskólamenntaða, þar voru konur færri á árinu 2000 en mun fleiri í fyrra sé miðað við hlutfall af hópi.

**Innbyrðis samsetning atvinnuleysis eftir menntun**



Heimild: Vinnuálastofnun

**Innbyrðis samsetning atvinnuleysis eftir menntun og kyni**



Heimild: Vinnuálastofnun, Hagfræðideild Landsbankans



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. ([hagfraedideild@landsbankinn.is](mailto:hagfraedideild@landsbankinn.is)) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.